



FISK Seafood ehf.  
Ársreikningur 2025  
Samstæða og móðurfélag

FISK Seafood ehf.  
Háeyri 1  
550 Sauðárkrókur

Kt. 461289-1269

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	5
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10
<b>Óendurskoðuð fylgiskjöl:</b>	
Viðauki I: Stjórnarháttayfirlýsing .....	23
Viðauki II: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf .....	25

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samstæðuársreikningur FISK Seafood ehf. fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn tekur til félagsins og dótturfélaga þess sem í lok árs 2025 voru Soffanias Cecilsson ehf., FISK Seafood fjárfesting ehf., Ölduós ehf., Kiddi Dóra ehf., Steinunn ehf og Lundhöfði ehf..

FISK Seafood ehf. er einkahlutafélag. Félagið er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki sem á og rekur þrjá ferskfisktogara, einn frystitogara, einn bát og fiskvinnslu á Sauðárkróki. Innan samstæðunnar er jafnframt rekstur ferskfisktogara og saltfiskverkunar í Grundarfirði, fjárfestingarstarfsemi, rekstur smábátaútgerðar og útgerð dragnótabáts. Afurðir félagsins eru nær eingöngu seldar á erlendum mörkuðum.

	2025	2024
	(í þús. kr.)	(í þús. kr.)
<b>Starfsemin á árinu</b>		
Hagnaður samstæðunnar á árinu samkvæmt rekstrarreikningi	1.946.256	747.592
Eignir samstæðunnar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi	53.573.411	51.357.204
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi	38.911.125	36.874.657
Eiginfjárlutfall samstæðunnar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi	73%	72%
Fjöldi ársverka á árinu	259	257

Rekstrartekjur samstæðunnar jukust um 24% milli ára. Hækkunina má rekja til hækkandi afurðaverðs á mörkuðum samstæðunnar. Samhliða hækkun afurðaverðs hækkuðu aðföng og launakostnaður einnig, en laun og launatengd gjöld hækkuðu um 20% milli ára. Framlegð samstæðunnar fór úr 19% árið 2024 í 23% árið 2025.

Bolfiskvinnslur félagsins á Sauðárkróki og í Grundarfirði unnu úr tæplega 11 þúsund tonnum af hráefni á árinu sem skilaði 8,5 þúsund tonnum af afurðum. Sjósókn gekk vel enda tíðarfar gott. Ísfiskskip félagsins veiddu 14,5 þúsund tonn af slægðum afla, frystitogari 7,5 þúsund tonn og bátar 3,5 þúsund tonn. Úthlutaðar aflaheimildir samstæðunnar kvótaárið 2025/2026 námu 25.416 tonnum en voru 27.037 tonn kvótaárið 2024/2025.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 734 milljónir króna. Stærsta fjárfesting ársins var í nýjum frystiklefa á Sauðárkróki og Hafðís SK 4 var keypt og leysti eldri bát með sama nafni af. Rekstrarfjármunir fyrir 61 milljón króna voru seldir. Þá var fjárfest í eignarhlutum í félögum fyrir 561 milljón króna, en félagið jók hlut sinn í Iceland Seafood International hf. um 92 milljónir króna að nafnverði.

Óvissuþættir í rekstri eru margir. Fiskimiðin geta verið misjafnlega gjöful milli ára og gæftir til sjósóknar eru háðar veðri. Heimsmarkaðurinn er sömuleiðis óútreiknanlegur hvað varðar framboð, eftirspurn og verðlagningu. Ákvarðanir stjórnvalda um aflaheimildir á hverjum tíma eru einnig stór áhættuþáttur. Stríðsátök í Úkraínu og við botn Miðjarðarhafs höfðu ekki bein áhrif á rekstur samstæðunnar þar sem afurðir eru hvorki seldar á þeim mörkuðum né í Rússlandi. Óbein áhrif felast hins vegar m.a. í hækkun á olíuverði og öðrum aðföngum.

Þann 14. júlí 2025 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum nr. 145/2018 um veiðigjald. Breytingarnar munu hafa áhrif á rekstur samstæðunnar. Miðað við óbreytta veiði milli ára má gera ráð fyrir að veiðigjöld samstæðunnar fari úr 690 milljónum króna vegna ársins 2025 í um 1.100 milljónir króna vegna ársins 2026.

FISK Seafood rekur öflugar fiskvinnslur bæði á Sauðárkróki og í Grundarfirði. Unnið hefur verið að undirbúningi verulegrar stækkunar vinnslunnar á Sauðárkróki í náinni framtíð, samhliða uppfærslu alls tæknibúnaðar og aukinni samkeppnishæfni. Gera má ráð fyrir að þau áform séu komin í uppnám vegna hækkandi gjaldtöku í formi veiði- og kolefnisgjalda.

Vísað er í skýringu 22 varðandi umfjöllun um áhættustýringu og helstu áhættur í starfsemi samstæðunnar.

## Kynjahlutfall

Í stjórn félagsins eru 5 stjórnarmenn, 3 karlar og 2 konur og í varastjórn sitja 3 karlar og 2 konur. Karlmennt eru 64% af stjórnendum samstæðunnar. Starfsmenn samstæðunnar voru 259 í árslok, 82% karlar og 18% konur.

## Framtíðin

Áætlanir gera ráð fyrir að árið 2026 verði með svipuðum hætti og árið á undan. Tekjur munu aukast en einnig tilkostnaður. Þar vegur þyngst hækkandi álögur í formi veiði- og kolefnisgjalda. Hækkun olíuverðs vegna stríðsátaka við botn Miðjarðarhafs getur einnig haft áhrif. Búist er við að markaðir fyrir afurðir samstæðunnar verði sterkir og verð hátt. Frekari kvótaskerðingar í botnfiski eru þó stærsta ógnin og geta haft áhrif á rekstur samstæðunnar síðari hluta ársins.

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

---

## Hluthafar

Hlutfé FISK Seafood ehf. er allt í eigu Kaupfélags Skagfirðinga eins og í ársbyrjun. Hlutfé félagsins í árslok nam 1.056 milljónum króna.

## Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

## Eigin hlutir

Félagið átti eigin hluti að nafnvirði 14,9 milljónir króna í árslok. Engir eigin hlutir voru keyptir eða seldir á árinu.

## Stjórnarhættir

Stjórn FISK Seafood ehf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland. Sjá nánar Viðauka I, Stjórnarháttayfirlýsing FISK Seafood ehf.

## Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Samkvæmt lögum um ársreikninga skulu einingar tengdar almannahagsmunum veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál, stefnu í mannréttindamálum, hvernig spornað er gegn spillingar- og mútumálum, auk stuttrar lýsingar á viðskiptalíkani félagsins o.fl. Gerð er grein fyrir stefnu og árangri félagsins í þessum málum í Viðauka II með ársreikningnum. Samhliða útgáfu ársreiknings fyrir árið 2025 gefur félagið út sjálfbæriskýrslu og eykur það til muna gagnsæi í rekstri félagsins. Skýrslan er aðgengileg á vef FISK Seafood ehf.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi, samkvæmt okkar bestu vitneskju, glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2025, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn, ásamt skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, gefi glöggt yfirlit um þróun, árangur og stöðu í rekstri samstæðunnar auk þess að lýsa helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri FISK Seafood ehf. staðfesta hér með samstæðuársreikning félagsins með undirritun sinni.

## Sauðárkróki 30. apríl 2026

### Í stjórn

Þórólfur Gíslason  
stjórnarformaður

Bjarni P. Maronsson  
varaformaður

Sigurjón Rúnar Rafnsson

Ingileif Oddsdóttir

Herdís Á. Sæmundardóttir

### Framkvæmdastjóri

Friðbjörn Ásbjörnsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa FISK Seafood ehf.

## Áritun um endurskoðun ársreiknings samstæðu og móðurfélags

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning samstæðu og móðurfélags FISK Seafood ehf. („samstæðan og móðurfélagið“) fyrir árið 2025. Ársreikningur samstæðu og móðurfélags („ársreikningurinn“) hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir samstæðuna og móðurfélagið.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar og móðurfélagsins 31. desember 2025 og afkomu samstæðunnar og móðurfélagsins og breytingu á handbæru fé á rekstrarárinu 2025 í samræmi við lög um ársreikninga.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins samstæðu og móðurfélags* í árituninni. Við erum óháð samstæðunni og móðurfélaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun samstæðuársreikninga og móðurfélagsársreikninga eininga tengdum almannahagsmunum og höfum uppfyllt aðrar siðferðilegar skyldur okkar í samræmi við þessar reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og við erum óháð félaginu við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur félagsins árið 1990 og höfum verið endurskoðendur félagsins samfelld síðan þá.

### Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun samstæðuársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á samstæðuársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

### Megináherslur við endurskoðun

#### Aflaheimildir

Bókfærðar aflaheimildir nema 25.807 millj. kr. í árslok 2025 eða um 48% af heildareignum samstæðunnar.

Aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem ófenisleg eign með ótakmarkaðan líftíma. Í árslok 2025 framkvæmdu stjórnendur virðisrýmunarpróf til að meta hvort endurheimtanlegt virði þeirra sé umfram bókfært verð þeirra á reikningsskiladegi.

Aflaheimildir eru lykilþáttur í endurskoðun á ársreikningi samstæðunnar þar sem þær eru stór hluti heildareigna og vegna forsendna sem eru til hliðsjónar og tengjast mati þeirra.

Í skýringu 8 er fjallað um virðisrýmunarpróf sem framkvæmt var á aflaheimildum samstæðunnar í árslok og í skýringu 3e er fjallað um reikningsskilaaðferðir sem eiga við.

### Endurskoðun á megináherslum

Við ásamt verðmatssérfræðingum okkar lögðum mat á forsendur sem stjórnendur nota við mat á virði aflaheimilda. Í þeirri vinnu fólst m.a.:

- Við staðfestum tilvist aflahlutdeildar og aflamarks félaga í samstæðunni.
- Við staðfestum og berum saman verð sem lögð eru til grundvallar matinu við nýleg viðskipti með aflaheimildir.
- Lögðum eigið mat á endurheimtanlegt virði aflaheimilda.
- Forsendur stjórnenda voru bornar saman við ytri og innri gögn.
- Lagt var mat á reiknilíkan félagsins og niðurstöður voru endurreiknaðar.
- Við yfirforum skýringar í ársreikningi og staðfestum að helstu upplýsingar sem reikningsskilareglur kveða á um kæmu fram.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningi samstæðu og móðurfélags

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreiknings samstæðu og móðurfélags í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfseminni, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð samstæðu- og móðurfélagsársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreiknings samstæðu og móðurfélags

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningi samstæðu og móðurfélags hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar eða móðurfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna og félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreiknings samstæðu og móðurfélags í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Skipuleggjum við og framkvæmum endurskoðun samstæðunnar til að afla nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar félaga eða eininga innan samstæðunnar sem grundvöll til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og mati á endurskoðunarvinnu vegna samstæðunnar. Við berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun samstæðuársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki 30. apríl 2026.

Sigurjón Örn Arnarson

**KPMG ehf.**

## Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2025	2024	2025	2024
Rekstrartekjur .....	4	15.553.135	12.542.180	13.291.543	10.425.000
Kostnaðarverð seldra vara .....	4	(10.762.522)	(9.084.876)	(9.297.189)	(7.629.717)
<b>Vergur hagnaður</b>		<b>4.790.613</b>	<b>3.457.304</b>	<b>3.994.354</b>	<b>2.795.283</b>
Aðrar tekjur .....	4	291.593	425.864	869.023	881.437
Sameiginlegur kostnaður og yfirstjórn .....		(1.384.075)	(1.405.782)	(2.025.801)	(2.092.102)
		(1.092.482)	(979.918)	(1.156.778)	(1.210.666)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir</b>		<b>3.698.132</b>	<b>2.477.386</b>	<b>2.837.576</b>	<b>1.584.617</b>
Afskriftir .....	9	(785.239)	(695.943)	(559.335)	(461.734)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði</b>		<b>2.912.893</b>	<b>1.781.443</b>	<b>2.278.241</b>	<b>1.122.884</b>
Fjármunatekjur .....		75.431	85.220	35.046	41.948
Fjármagnsgjöld .....		(682.544)	(825.668)	(252.862)	(273.327)
Gangvirðisbreyting eignarhluta .....		(81.823)	(235.889)	(81.823)	(235.889)
Gengismunur .....		(235.182)	361.911	(70.707)	32.459
		(924.119)	(614.427)	(370.346)	(434.809)
<b>Hagnaður fyrir áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага</b>		<b>1.988.774</b>	<b>1.167.016</b>	<b>1.907.894</b>	<b>688.074</b>
Hlutdeild í afkomu dótturféлага .....	11	0	0	432.220	253.067
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....	12	434.849	(132.680)	(23.112)	(23.187)
		434.849	(132.680)	409.108	229.879
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>		<b>2.423.623</b>	<b>1.034.336</b>	<b>2.317.002</b>	<b>917.954</b>
Tekjuskattur .....	7	(477.367)	(286.744)	(397.103)	(191.858)
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>16</b>	<b>1.946.256</b>	<b>747.592</b>	<b>1.919.899</b>	<b>726.095</b>
<b>Hagnaður ársins sem tilheyrir:</b>					
Eigendum móðurfélagsins .....		1.919.899	726.095		
Minnihluta í dótturfélögum .....		26.357	21.496		
		1.946.256	747.592		

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		31.12.2025	31.12.2024	31.12.2025	31.12.2024
<b>Eignir</b>					
Óefnislegar eignir .....	8	26.046.954	26.191.039	11.852.925	11.852.925
Rekstrarfjármunir .....	9	6.275.942	6.234.217	5.337.715	5.213.205
Eignarhlutir í dótturfélögum .....	11	0	0	19.690.267	19.287.835
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	12	14.270.485	13.725.424	565.961	589.073
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	13	2.364.874	1.885.422	2.295.854	1.880.967
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur .....		150.110	167.330	0	0
Fastafjármunir samtals		49.108.365	48.203.432	39.742.722	38.824.005
Birgðir .....	14	888.729	988.769	685.193	750.955
Viðskiptakröfur .....	15	1.700.557	1.242.342	1.605.927	1.094.514
Kröfur á tengda aðila .....	20	0	0	1.513.301	1.430.250
Ýmsar skammtímakröfur .....		146.039	156.472	75.671	89.301
Handbært fé .....		1.729.720	766.190	1.094.435	216.318
Veltufjármunir samtals		4.465.045	3.153.772	4.974.526	3.581.338
<b>Eignir samtals</b>		<b>53.573.411</b>	<b>51.357.204</b>	<b>44.717.248</b>	<b>42.405.343</b>
<b>Eigið fé</b>					
Hlutfé .....	16	1.055.628	1.055.628	1.055.628	1.055.628
Yfirverðsreikningur .....		238.175	238.175	238.175	238.175
Annað bundið eigið fé .....		5.336.110	4.933.679	5.336.110	4.933.679
Óráðstafað eigið fé .....		32.187.809	30.560.129	32.187.809	30.560.129
Eigið fé hluthafa móðurfélagsins .....	16	38.817.722	36.787.611	38.817.722	36.787.611
Hlutdeild minnihluta .....		93.403	87.046	0	0
Eigið fé samtals		38.911.125	36.874.657	38.817.722	36.787.611
<b>Skuldbindingar</b>					
Tekjuskattsskuldbinding .....	17	2.451.459	2.479.260	709.459	740.714
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	19	10.096.851	4.578.344	3.494.127	2.192.406
Langtímaskuldir samtals		10.096.851	4.578.344	3.494.127	2.192.406
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	18	0	1.314.732	0	1.314.732
Viðskiptaskuldir .....		406.677	502.808	337.780	406.822
Skuld við tengda aðila .....	20	79.306	70.976	288.849	277.449
Næsta árs afborgun langtímaskulda .....	19	479.438	4.719.030	235.813	173.939
Aðrar skammtímaskuldir .....		579.590	516.240	405.140	334.174
Ógreiddir skattar .....	7,17	568.965	301.157	428.359	177.495
Skammtímaskuldir samtals		2.113.976	7.424.943	1.695.940	2.684.612
Skuldir samtals		14.662.286	14.482.548	5.899.526	5.617.732
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>53.573.411</b>	<b>51.357.204</b>	<b>44.717.248</b>	<b>42.405.343</b>
<b>Veðsetningar og ábyrgðir</b> .....	10				

# Sjóðstreymisýfirlit ársins 2025

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2025	2024	2025	2024
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>					
Hagnaður ársins .....	16	1.946.256	747.592	1.919.899	726.095
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna og aflaheimilda .....		(10.536)	(6.952)	(10.536)	(624)
Afskriftir .....	9	785.239	695.943	559.335	461.734
Gangvirðisbreyting eignarhluta í öðrum félögum .....		81.823	235.889	81.823	235.889
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага .....	11,12	(434.849)	132.680	(409.108)	(229.879)
Gengismunur og verðbætur eigna og skulda .....		214.205	(428.564)	62.194	(110.196)
Breyting tekjuskattskuldbindingar .....	17	(26.836)	31.598	(31.255)	6.038
Veltufé frá rekstri		2.555.302	1.408.187	2.172.351	1.089.057
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:					
Birgðir .....	14	100.040	186.739	65.762	194.219
Skammtímafröfur .....		(447.783)	506.096	(497.782)	604.838
Skammtímaskuldir .....		235.027	(30.356)	252.787	(93.344)
Breyting rekstrartengdar eigna og skulda		(112.716)	662.479	(179.234)	705.713
Handbært fé frá rekstri		2.442.585	2.070.666	1.993.118	1.794.770
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>					
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	9	(733.969)	(831.823)	(733.969)	(747.641)
Fjárfesting í aflaheimildum .....	8	0	(464.771)	0	(323.971)
Söluverð rekstrarfjármuna .....	9	60.660	38.020	60.660	22.820
Fjárfestingar í eignarhlutum í félögum .....	13	(561.275)	(37.500)	(496.710)	(37.500)
Skuldabréf .....		17.220	53.116	0	0
Fenginn arður .....		0	147.266	140.000	350.000
Fjárfestingar í eignarhlutum í dótturfélögum .....	13	0	(288.480)	0	(288.480)
Kröfur á tengd félög, breyting .....		(0)	(6.803)	(83.051)	31.790
Fjárfestingarhreyfingar		(1.217.364)	(1.390.975)	(1.113.069)	(992.981)
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>					
Greiddur arður .....		(20.000)	(528.000)	0	(500.000)
Afborgun langtímalána .....		(1.572.290)	(351.649)	(1.335.600)	(180.253)
Skuldir við lánastofnanir .....		(1.314.732)	286.666	(1.314.732)	286.666
Tekin ný langtímalán .....		2.637.000	0	2.637.000	0
Skuldir við tengd félög, breyting .....		8.330	0	11.400	(311.701)
Fjármögnunarhreyfingar		(261.691)	(592.984)	(1.932)	(705.288)
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>		<b>963.530</b>	<b>86.708</b>	<b>878.116</b>	<b>96.500</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<b>766.190</b>	<b>679.483</b>	<b>216.318</b>	<b>119.818</b>
<b>Handbært fé í lok árs .....</b>		<b>1.729.720</b>	<b>766.190</b>	<b>1.094.435</b>	<b>216.318</b>

# Skýringar

## 1. Félagið

FISK Seafood ehf. („félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Háeyri 1 á Sauðárkróki. Samstæðuársreikningur félagsins hefur að geyma samstæðuársreikning móðurfélagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðan“ og til einstakra félaga sem samstæðufélaga. Ársreikningurinn innifelur auk þess ársreikning móðurfélagsins.

Dótturfélög sem eru innifalin í samstæðuársreikningi eru eftirtalin:

	Eignarhluti	Starfsemi
Soffanías Cecilsson ehf. ....	100%	Sjávarútvegsfyrirtæki
Steinunn ehf. ....	60%	Sjávarútvegsfyrirtæki
Ölduós ehf. ....	100%	Sjávarútvegsfyrirtæki
Lundhöfði ehf. ....	100%	Sjávarútvegsfyrirtæki
FISK Seafood fjárfesting ehf. ....	100%	Eignarhaldsfélag
Kiddi Dóra ehf. ....	100%	Eignarhaldsfélag

FISK Seafood ehf. er dótturfélag Kaupfélags Skagfirðinga svf. á Sauðárkróki. Ársreikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

- a. Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskyldu að eignarhlutir í öðrum félögum sem hafa hlutabréf sín skráð á verðbréfamarkaði eru færðir á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að því undanskyldu að samstæðan hefur fallið frá beitingu heimildar um endurmat fiskiskipa félagsins. Breytingin var gerð með afturvirkum hætti og hafði eftirfarandi áhrif á samanburðartölur ársins 2024.

Rekstrarreikningur	Var	Móðurfélag	
		Breyting	Verður
Afskriftir .....	( 510.034)	48.300	( 461.734)
Tekjuskattur .....	( 182.198)	( 9.660)	( 191.858)
Hagnaður tímabilsins .....	687.455	38.640	726.096
<b>Efnahagsreikningur</b>			
Rekstrarfjármunir .....	5.873.305	( 660.100)	5.213.205
Eignir samtals .....	43.065.443	( 660.100)	42.405.343
Annað bundið eigið fé .....	5.461.759	( 528.080)	4.933.679
Tekjuskattsskuldbinding .....	872.734	( 132.020)	740.714
Eigið fé og skuldir samtals .....	43.065.443	( 660.100)	42.405.343
		Samstæða	
Rekstrarreikningur	Var	Breyting	Verður
Afskriftir .....	( 744.243)	48.300	( 695.943)
Tekjuskattur .....	( 277.084)	( 9.660)	( 286.744)
Hagnaður ársins .....	708.952	38.640	747.592
<b>Efnahagsreikningur</b>			
Rekstrarfjármunir .....	6.894.317	( 660.100)	6.234.217
Eignir samtals .....	52.017.304	( 660.100)	51.357.204
Annað bundið eigið fé .....	5.461.759	( 528.080)	4.933.679
Tekjuskattsskuldbinding .....	2.611.280	( 132.020)	2.479.260
Eigið fé og skuldir samtals .....	52.017.304	( 660.100)	51.357.204

## Skýringar, frh.:

---

### b. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikninga þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna síðan að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og ályktanir því til grundvallar eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem áhrif breytingarinnar vara.

### 3. Helstu reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningi samstæðunnar.

#### a. Grundvöllur samstæðu

##### (i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningsskilum frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur. Fjárfestingar í dótturfélögum eru færðar með hlutdeildaraðferð í reikningsskilin. Í þeim tilvikum sem eignarhlutur í dótturfélagi er innan við 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu.

Kaupaðferð er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem látnar eru af hendi, útgefinna eiginfjárgerninga og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum eignum er skráð sem viðskiptavild. Viðskiptavild er gjaldfærð í rekstrarreikningi á tíu árum.

Viðskipti milli samstæðufélaga, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðureikningsins.

##### (ii) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar samstæðan ræður 20-50% atkvæðaréttar. Hlutdeildarfélög eru færð í ársreikning samstæðunnar með hlutdeildaraðferð og eru í upphafi færð á kostnaðarverði.

Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu og eiginfjárhreyfingum hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa þangað til þeim lýkur. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags, að meðtalinni langtímafjármögnun þess, er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

##### (iii) Hlutdeildaraðferð

Fjárfesting í dóttur- og hlutdeildarfélögum er færð með hlutdeildaraðferð í reikningsskilin og er færð í upphafi á kostnaðarverði. Hlutur samstæðunnar í hagnaði eða tapi dóttur- og hlutdeildarfélaga eftir kaup er færður í rekstrarreikning og hlutur hennar í eiginfjárhreyfingum er færður á eigið fé. Móttekinn arður er færður til lækkunar á bókfærðu verði fjárfestingarinnar. Verði hlutur samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags, að meðtalinni langtímafjármögnun þess, er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

## Skýringar, frh.:

### b. *Erlendir gjaldmiðlar*

Viðskipti sem eiga uppruna sinn í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi Seðlabanka Íslands í árslok 2025. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### c. *Innlausn tekna*

Aflaverðmæti skipa og framleiðsla landvinnslu eru tekjufærð á áætluðu skilaverði í bókhaldi samstæðunnar. Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

### d. *Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld*

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum og gengismun af eignum í öðrum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum, gengismun af skuldum í öðrum gjaldmiðlum og öðrum fjármagnskostnaði.

### e. *Óefnislegar eignir*

#### *Aflaheimildir*

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma. Aflaheimildir eru ekki afskrifaðar en árlega er framkvæmt virðisrýrnunarpróf.

#### *Viðskiptavild*

Viðskiptavild myndast við kaup á dótturfélögum. Viðskiptavild er mismunur á kaupverði og matsvirði yfirtekinna eigna og skulda. Viðskiptavild er gjaldfærð í rekstrarreikningi á tíu árum.

### f. *Rekstrarfjármunir*

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaður sem fellur til vegna fjárfestingar í rekstrarfjármunum er eignfærður þegar sá kostnaður fellur til ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og ef hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Skip .....	6-17 ár
Fasteignir og lóðir (land er ekki afskrifað) .....	12-33 ár
Vélar, áhöld og tæki .....	4-10 ár

### g. *Eignarhlutir í öðrum félögum*

Eignarhlutir félögum þar sem félagið á minna en 20% hlutafjár eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýrnunar. Eignarhlutir í félögum sem hafa hlutabréf skráð á verðbréfamarkaði eru færðir á markaðsverði og eru gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

### h. *Birgðir*

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða hreinu söluverði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefniskostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Hreint söluverði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum sölukostnaði. Birgðir eru metnar samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

- Afurðabirgðir eru metnar á reiknuðu meðalframleiðslukostnaðarverði.
- Hráefnisbirgðir eru metnar á síðasta innkaupsverði, dagverði eða reiknuðu kostnaðarverði eigin afla.
- Rekstrarvörur eru metnar á kostnaðarverði. Árleg veiðarfæra kaup eru að jafnaði færð til gjalda með jöfnum fjárhæðum á tveimur árum.

## Skýringar, frh.:

---

### i. **Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur**

Viðskiptakröfur og skammtímakröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

### j. **Handbært fé**

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### k. **Hlutfé**

Við kaup á eigin bréfum er kaupverðið, að meðtöldum kostnaði sem tengist kaupunum, fært til lækkunar á eigin fé. Ef eigin bréf eru seld færirst salan til hækkunar á eigin fé. Hvorki er færður söluhagnaður né sölutap.

### l. **Vaxtaberandi lán**

Vaxtaberandi lán eru upphaflega færð á gangvirði að frádregnum viðeigandi kostnaði vegna þeirra. Eftir upphaflega færslu eru vaxtaberandi lán færð upp miðað við virka vexti. Lán í öðrum myntum en uppgjörsmýnt eru færð miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í lok árs. Næsta árs afborganir af vaxtaberandi lánnum eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

### m. **Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

### n. **Tekjuskattsskuldbinding/skatteign**

Tekjuskattsskuldbinding/skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Tekjuskattur á hagnað eða tap ársins innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, þá er hann færður á eigið fé. Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutfall. Tekið er tillit til leiðréttinga vegna fyrri ára.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 20% á árinu 2025.

## Skýringar, frh.:

### 4. Rekstrartekjur og kostnaðarverð seldra vara

#### a. Rekstrartekjur greinast þannig eftir starfsþáttum:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2025	2024	2025	2024
Aflaverðmæti skipa .....	10.092.328	8.029.137	9.504.824	7.592.866
Framleiðsluverðmæti fiskvinnslu .....	8.873.733	7.596.257	6.915.336	5.663.039
Afli til eigin nota .....	(3.412.925)	(3.083.213)	(3.128.617)	(2.830.905)
Tekjur samtals .....	15.553.135	12.542.180	13.291.543	10.425.000

#### b. Kostnaðarverð seldra vara greinist þannig:

Rekstrargjöld útgerðar .....	8.756.315	7.215.759	7.571.266	6.088.976
Rekstrargjöld fiskvinnslu .....	5.419.132	4.952.330	4.854.540	4.371.646
Afli til eigin nota .....	(3.412.925)	(3.083.213)	(3.128.617)	(2.830.905)
Kostnaðarverð seldra vara samtals .....	10.762.522	9.084.876	9.297.189	7.629.717

Aðrar tekjur eru að stærstum hluta vegna leigu á veiðiheimildum, söluhagnaðar og tryggingabóta.

### 5. Laun og launatengd gjöld

#### Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2025	2024	2025	2024
Laun .....	4.745.747	3.954.919	3.924.013	3.212.055
Lífeyrisiðgjöld .....	583.650	483.507	487.206	399.749
Önnur launatengd gjöld .....	436.702	363.725	364.542	298.645
Annar starfsmannakostnaður .....	306.962	266.643	271.878	240.591
Laun og launatengd gjöld samtals .....	6.073.061	5.068.794	5.047.640	4.151.040

#### Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:

Kostnaðarverð seldra vara .....	5.600.208	4.665.490	4.689.716	3.849.306
Sameiginlegur kostnaður og yfirstjórn .....	472.853	403.304	357.923	301.734
Laun og launatengd gjöld samtals .....	6.073.061	5.068.794	5.047.640	4.151.040
Ársverk .....	259	257	210	208
Laun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	99.317	93.252	62.517	59.052

## Skýringar, frh.:

### 6. Þóknanir til endurskoðenda

Þóknanir til endurskoðenda greinast þannig:	2025	2024
Endurskoðun ársreiknings .....	11.583	9.208
Önnur vinna .....	2.394	2.125
Samtals .....	<u>13.978</u>	<u>11.333</u>

### 7. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur móðurfélagsins greinist þannig:		2025		2024
Hagnaður fyrir skatta .....		2.317.002		917.954
Tekjuskattur m.v. gildandi skatthlutfall .....	20,0%	463.400	21,0%	192.770
Ófrádráttarbær kostnaður .....	0,7%	16.369	5,3%	49.058
Óskattskyldar tekjur .....	(3,6%)	(82.543)	(5,3%)	(48.614)
Áhrif breytinga skatthlutfalli .....	0,0%	0	(0,0%)	(302)
Aðrir liðir .....	(0,0%)	(122)	(0,1%)	(1.055)
Samtals .....	17,1%	<u>397.103</u>	20,9%	<u>191.858</u>

Virkur tekjuskattur samstæðu greinist þannig:

Hagnaður fyrir skatta .....		2.423.623		1.034.336
Tekjuskattur m.v. gildandi skatthlutfall .....	20,0%	484.725	21,0%	217.211
Ófrádráttarbær kostnaður .....	0,7%	16.395	4,7%	49.085
Óskattskyldar tekjur .....	(2,1%)	(51.036)	5,7%	59.353
Áhrif breytinga skatthlutfalls .....	0,0%	0	(0,2%)	(2.040)
Aðrir liðir .....	1,1%	27.284	(3,6%)	(36.863)
Samtals .....	19,7%	<u>477.367</u>	27,7%	<u>286.744</u>

### 8. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:	Samstæða	Móðurfélag
Viðskiptavild .....	240.146	0
Aflaheimildir .....	25.806.808	11.852.925
Bókfært verð 31.12. ....	<u>26.046.954</u>	<u>11.852.925</u>

#### Viðskiptavild

	2025	2024
Staða 1.1. ....	384.231	528.316
Afskrift ársins .....	( 144.085)	( 144.085)
Bókfært verð 31.12. ....	<u>240.146</u>	<u>384.231</u>

Viðskiptavild er til komin vegna kaupa á Soffaníasi Cecilssyni ehf. á árinu 2017. Viðskiptavildin er afskrifuð línulega á tíu árum. Í lok reikningsársins var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild félagsins. Lagt var mat á gangvirði eigna að frádregnum sölukostnaði. Niðurstaða matsins gaf ekki til kynna vísbendingar um virðisrýrnun.

## Skýringar, frh.:

### 8. Óefnislegar eignir frh.

Aflaheimildir	2025	2024
Staða 1.1. ....	25.806.808	25.208.120
Yfirtekið við kaup á dótturfélagi .....	0	133.918
Keypt á árinu .....	0	464.771
Bókfært verð 31.12. ....	25.806.808	25.806.808

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan líftíma og er framkvæmt virðisrýrnunarpróf á þeim að minnsta kosti árlega. Við mat á hugsanlegri virðisrýrnun aflaheimilda var endurheimtanleg fjárhæð samstæðunnar metin með því að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi miðað við áframhaldandi starfsemi samstæðunnar. Áætlað fjárstreymi byggir á spá um rekstrarafkomu samstæðunnar til næstu fimm ára. Við matið var stuðst við þær forsendur að framtíðarvöxtur tekna sé 4,1% og að ávöxtunarkrafa (WACC) sé 9,1%. Metið endurheimtanlegt virði aflaheimilda félagsins er verulega umfram bókfært verð.

Aflaheimildir félagsins greinast þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	Hlutdeild í úthlutun	Úthlutaðar heimildir tonn	Hlutdeild í úthlutun	Úthlutaðar heimildir tonn
	2025	tonn	2025	tonn
Þorskur .....	6,6%	10.599	4,7%	7.536
Þorskur í norskrri lögsögu .....	12,2%		12,2%	
Þorskur í rússneskri lögsögu .....	12,2%		12,2%	
Ýsa .....	7,8%	4.819	6,0%	3.705
Ufsi .....	7,3%	3.433	6,7%	3.165
Karfi .....	7,1%	2.447	6,9%	2.363
Djúpkarfi .....	10,1%	240	9,9%	235
Grálúða .....	9,3%	958	9,2%	954
Skarkoli .....	19,5%	1.335	12,7%	871
Steinbitur .....	10,2%	819	7,1%	568
Gulllax .....	5,6%	411	5,6%	411
Úthafsækja .....	12,8%	0	6,4%	0
Makrill .....	1,8%	0	1,7%	0
Aðrar fisktegundir .....		355		192
		25.416		20.000
Aflaheimildir í þorskígildum .....		21.021		16.429

Aflaheimildir félagsins eru að uppistöðu til úthlutaðar heimildir en að því leyti sem aflaheimildir hafa verið keyptar sérstaklega eru þær eignfærðar sem aflaheimildir í efnahagsreikningi.

Heimildir miðast við úthlutun í september 2025. Ekki verður úthlutað heimildum í þorski í norskrri eða rússneskri lögsögu árið 2026. Heimildum í makríl fyrir árið 2026 hefur ekki verið úthlutað.

Úthlutun aflaheimilda í íslenskri fiskveiðilögsögu fer fram árlega og byggir á ákvæðum laga um stjórn fiskveiða. Sjávarútvegsráðherra ákveður með reglugerð þann heildarafla sem veiða má úr þeim einstöku nytjastofnum sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.

Undanfarin ár hefur verið unnið að framtíðarskipan fiskveiðistjórnunar og veiðigjalda. Áfram ríkir því óvissa um veiðigjöld og fiskveiðistjórnun og telja stjórnendur að ekki séu til staðar forsendur til að breyta mati aflaheimilda.

## Skýringar, frh.:

### 9. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

Móðurfélag	Skip	Fasteignir	Vélar, áhöld	Samtals
			og tæki	
Heildarverð 1.1.2025 .....	6.464.396	2.555.979	2.251.336	11.271.711
Afskrifað áður .....	(3.433.259)	(964.791)	(1.660.456)	(6.058.506)
Bókfært verð 1.1.2025 .....	3.031.137	1.591.188	590.880	5.213.205
Keypt á árinu .....	348.268	303.675	82.025	733.969
Selt og niðurlagt á árinu .....	(50.000)	0	(10.976)	(60.976)
Afskrifað á árinu .....	(355.611)	(70.764)	(132.960)	(559.335)
Afskrift færð út .....	4.000	0	6.852	10.852
Bókfært verð 31.12.2025 .....	2.977.795	1.824.099	535.821	5.337.715
Heildarverð 31.12.2025 .....	6.762.664	2.859.654	2.322.386	11.944.704
Afskrifað samtals 31.12.2025 .....	(3.784.869)	(1.035.555)	(1.786.564)	(6.606.989)
Bókfært verð 31.12.2025 .....	2.977.795	1.824.099	535.821	5.337.715
Afskriftahlutföll .....	6-15%	3-8%	10-25%	
Samstæða	Skip	Fasteignir	Vélar, áhöld	Samtals
og tæki				
Heildarverð 1.1.2025 .....	7.710.184	3.339.234	2.671.947	13.721.366
Afskrifað áður .....	(4.146.201)	(1.363.796)	(1.977.151)	(7.487.148)
Bókfært verð 1.1.2025 .....	3.563.983	1.975.438	694.796	6.234.217
Keypt á árinu .....	348.268	303.675	82.025	733.968
Selt og niðurlagt á árinu .....	(50.000)	0	(10.976)	(60.976)
Afskrifað á árinu .....	(396.941)	(85.333)	(159.846)	(642.119)
Afskrift færð út .....	4.000	0	6.852	10.852
Bókfært verð 31.12.2025 .....	3.469.311	2.193.780	612.852	6.275.942
Heildarverð 31.12.2025 .....	8.008.452	3.642.909	2.742.997	14.394.358
Afskrifað samtals 31.12.2025 .....	(4.539.141)	(1.449.129)	(2.130.145)	(8.118.416)
Bókfært verð 31.12.2025 .....	3.469.311	2.193.780	612.852	6.275.942
Afskriftahlutföll .....	6-15%	3-8%	10-25%	

## Skýringar, frh.:

### 9. Rekstrarfjármunir frh.

Gjaldfærð afskrift í rekstrarreikningi samstæðunnar greinist þannig:	<b>2025</b>	<b>2024</b>
Afskrift rekstrarfjármuna .....	642.119	554.619
Afskrift yfirverðs .....	143.120	141.324
Gjaldfærð afskrift í rekstrarreikningi samstæðu samtals .....	<u>785.239</u>	<u>695.943</u>
Vátryggingarverð og fasteignamat rekstrarfjármuna greinist þannig í árslok:	<b>2025</b>	<b>2024</b>
Fasteignamat fasteigna og lóða .....	3.150.065	2.783.348
Brunabótamat fasteigna og lóða .....	7.895.140	7.244.518
Vátryggingarverð skipa og búnaðar .....	8.997.703	8.837.563
Vátryggingarverð áhalda og tækja .....	2.603.700	2.603.700

### 10. Veðsetningar og ábyrgðir

Á skipum samstæðunnar hvíla þinglýst tryggingabréf að fjárhæð 15.338 millj. kr, til tryggingar á skuldum samstæðunnar. Hjá dótturfélaginu FISK Seafood fjárfesting ehf. hefur eignarhlutur í Vinnslustöðinni hf. verið veðsettur fyrir eftirstöðvum lána að fjárhæð 4.406 millj. kr.

### 11. Eignarhlutir í dótturfélögum

Eignarhlutir í dótturfélögum og hlutdeild í afkomu þeirra greinist þannig:

Árið 2025	Nafnverð í þús. kr.	Eignarhlutur	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
Soffanías Cecilsson ehf., Grundarfirði .....	50.000	100,0%	149.074	7.210.883
Kiddi Dóra ehf. Ólafsvík .....	1.000	100,0%	40.374	1.232.401
Ölduós ehf. Sauðárkróki .....	6.000	100,0%	142.718	1.832.134
FISK Seafood fjárfesting ehf. Sauðárkróki .....	1.000	100,0%	94.789	9.116.901
Lundhöfði ehf. Sauðárkróki .....	1.000	100,0%	5.264	297.949
Samtals .....			<u>432.220</u>	<u>19.690.267</u>

Innan samstæðunnar er auk þess 60% eignarhlutur í Steinunni ehf. sem er dótturfélag Kidda Dóra ehf.

Árið 2024	Nafnverð í þús. kr.	Eignarhlutur	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
Soffanías Cecilsson ehf., Grundarfirði .....	50.000	100,0%	248.638	7.061.809
Kiddi Dóra ehf. Ólafsvík .....	1.000	100,0%	33.866	1.192.027
Ölduós ehf. Sauðárkróki .....	6.000	100,0%	140.122	1.829.415
FISK Seafood fjárfesting ehf. Sauðárkróki .....	1.000	100,0%	(173.766)	8.911.899
Lundhöfði ehf. Sauðárkróki .....	1.000	100,0%	4.206	292.685
Samtals .....			<u>253.067</u>	<u>19.287.835</u>

## Skýringar, frh.:

### 12. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum í árslok og hlutdeild í afkomu þeirra greinist þannig:

	Eignarhluti	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
<b>Árið 2025</b>			
Fóðurblandan hf., Reykjavík .....	26,7%	(23.112)	565.961
<b>Móðurfélag samtals</b> .....		(23.112)	565.961
Vinnslustöðin hf., Vestmannaeyjum .....	32,9%	457.671	13.689.535
Snæis hf., Grundarfirði .....	29,8%	290	14.989
<b>Samstæða samtals</b> .....		434.849	14.270.485
<b>Árið 2024</b>			
Fóðurblandan hf., Reykjavík .....	25,3%	(23.187)	589.073
<b>Móðurfélag samtals</b> .....		(23.187)	589.073
Vinnslustöðin hf., Vestmannaeyjum .....	32,9%	(109.854)	13.121.652
Snæis hf., Grundarfirði .....	29,8%	361	14.699
<b>Samstæða samtals</b> .....		(132.680)	13.725.424

### 13. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	31.12.2025		31.12.2024	
	Nafnverð	Bókfært verð	Nafnverð	Bókfært verð
<b>Fært á markaðsverði:</b>				
Iceland Seafood International hf. ....	454.841	2.210.529	362.907	1.832.680
<b>Fært á kostnaðarverði:</b>				
Dögun hf., Sauðárkróki .....	1.121	3.987	1.121	3.987
Fiskmarkaður Íslands hf., Ólafsvík .....	2.071	1.399	2.071	1.399
ISF Iceland sustainable fisheries. ....	100	1.765	100	1.765
Loðnuvinnslan hf., Fáskrúðsfirði .....	346	1.266	346	1.266
Stjörnu-Oddi hf., Reykjavík .....	134	1.059	134	1.059
Stíka umhverfisláusnir ehf., Reykjavík .....	45.443	74.538	29.339	37.500
Önnur félög .....		1.309		1.309
<b>Móðurfélag samtals</b> .....		2.295.854		1.880.967
Fiskmarkaður Snæfellsbæjar ehf. ....	922	64.565		
Sjávarkaup hf., Reykjavík .....	4.455	4.455	4.455	4.455
<b>Samstæða samtals</b> .....		2.364.874		1.885.422

### 14. Birgðir

	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2025	31.12.2024	31.12.2025	31.12.2024
Birgðir greinast þannig:				
Afurðabirgðir .....	256.313	373.792	249.113	372.802
Hráefnisbirgðir .....	211.910	186.000	54.410	0
Rekstrarvörubirgðir .....	420.506	428.977	381.671	378.153
Birgðir í árslok .....	888.729	988.769	685.193	750.955

Vátryggingarverðmæti birgða nam 1.260 millj. kr. hjá móðurfélagi og 1.746 millj. kr. hjá samstæðu.

## Skýringar, frh.:

### 15. Viðskiptakröfur

	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2025	31.12.2024	31.12.2025	31.12.2024
Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:				
Niðurfærsla í ársbyrjun .....	9.851	9.878	9.851	9.878
Gjaldfært á árinu .....	14	(27)	14	(27)
Niðurfærsla í árslok .....	9.865	9.851	9.865	9.851

### 16. Eigið fé

#### (i) Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.070 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu. Hlutfé móðurfélagsins í ársreikningi greinist þannig:

Hlutfé samkvæmt samþykktum félagsins .....	1.070.529
Eigin hlutabréf 1,4% .....	(14.901)
Útistandandi hlutfé í árslok .....	1.055.628

#### (ii) Yfirverðsreikningur hlutfjár

Yfirverðsreikningur hlutfjár sýnir þá fjárhæð sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutfjár sem félagið hefur selt.

#### (iii) Lögbundinn varasjóður

Félaginu er skylt að leggja minnst tíu prósent þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, í lögbundinn varasjóð uns hann nemur tíu prósentum hlutfjár. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm prósent þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta hlutfjárins. Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Þegar varasjóður nemur meiru en einum fjórða hluta hlutfjárins er heimilt að nota þá fjárhæð sem umfram er til þess að hækka hlutfé eða, sé fyrirmæla 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög gætt, til annarra þarfa. Lögbundinn varasjóður og yfirverðsreikningur nema samtals hærri fjárhæð en sem nemur einum fjórða hluta hlutfjárins.

#### (iv) Þýðingarmunur

Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til vegna umreiknings reikningsskila hlutdeildarféлага er gera upp í erlendri mynt.

#### (v) Annað bundið eigið fé

Samkvæmt 41. grein ársreikningalaga ber félögum að færa hlutdeild í rekstri dótturfélaga umfram móttækinn eða úthlutaðan arð frá viðkomandi félagi á undirritunardegi. Að auki er færð á bundið eigið fé fjárhæð sem samsvarar tekjufærslu vegna gangvirðisbreytinga annarra hlutabréfa.

#### (vi) Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 31.12.2024 .....	1.055.628	238.175	5.461.759	30.560.129	37.315.692
Áhrif breytingar reikningsskilaaðferðar			(528.080)		(528.080)
Staða 1.1.2025 .....	1.055.628	238.175	4.933.679	30.560.129	36.787.612
Hagnaður ársins .....				1.919.899	1.919.899
Þýðingarmunur .....			110.212		110.212
Bundið eigið fé .....			292.219	(292.219)	0
Eigið fé 31.12.2025 .....	1.055.628	238.175	5.336.110	32.187.809	38.817.723
Annað bundið eigið fé greinist þannig:				31.12.2025	31.12.2024
Lögbundinn varasjóður .....				56.910	56.910
Bundið eigið fé vegna hlutdeildar í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага .....				3.888.662	3.596.443
Þýðingarmunur .....				1.390.538	1.280.326
Annað bundið eigið fé samtals .....				5.336.110	4.933.679

## Skýringar, frh.:

### 17. Tekjuskattsskuldbinding

	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2025	31.12.2024	31.12.2025	31.12.2024
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:				
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....	2.479.260	2.455.803	740.715	734.676
Yfirtekið í samstæðu og aðrir liðir .....	63.557	46.298	0	0
Reiknaður tekjuskattur af afkomu ársins .....	477.368	278.317	397.206	183.533
Tekjuskattur til greiðslu .....	( 569.070)	( 301.158)	( 428.462)	( 177.495)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	2.451.115	2.479.260	709.459	740.714

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á eintaka liði efnahagsreiknings:

Aflaheimildir .....	1.941.253	1.956.807	239.819	239.819
Rekstrarfjármunir .....	544.738	550.354	459.997	482.655
Viðskiptakröfur .....	16.323	25.489	14.155	24.013
Gengismunur og aðrir liðir .....	( 5.686)	17.568	( 7.264)	4.267
Birgðir .....	4.759	( 7.691)	2.751	( 10.040)
Skatteign af yfirfæranlegu tapi .....	( 49.824)	( 63.267)	0	0
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	2.451.563	2.479.260	709.458	740.714

FISK Seafood er samskattað með FISK Seafood fjárfestingu ehf. dótturfélagi sínu frá og með árinu 2023. Dótturfélagið FISK fjárfesting ehf. á yfirfæranlegt tap að fjárhæð 1.522 millj. kr. í árslok, 249 millj. kr af því er fært upp sem eign vegna samsköttunar með móðurfélaginu. Yfirfæranlegt tap FISK fjárfestingar ehf. er vegna taps á árunum 2018-2025 og er nýtanlegt á árunum 2028-2035.

### 18. Skammtímalán

Skammtímalán móðurfélagsins eru lánalínur í íslenskum krónum hjá viðskiptabönkum félagsins.

### 19. Langtímaskuldir

	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2025	31.12.2024	31.12.2025	31.12.2024
Langtímaskuldir greinast þannig:				
Lán í evrum .....	10.576.289	9.297.374	3.729.940	2.366.345
Næsta árs afborgun .....	(479.438)	(4.719.030)	(235.813)	(173.939)
Langtímaskuldir .....	10.096.851	4.578.344	3.494.127	2.192.406

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2025	31.12.2024	31.12.2025	31.12.2024
Afborgun 2026/2025 .....	479.438	4.719.030	235.813	173.939
Afborgun 2027/2026 .....	720.386	412.103	235.813	173.939
Afborgun 2028/2027 .....	4.869.836	647.649	235.813	173.939
Afborgun 2029/2028 .....	464.140	397.148	235.813	173.939
Afborgun 2030/2029 .....	464.140	397.148	235.813	173.939
Afborgun síðar .....	3.578.349	2.724.297	2.550.877	1.496.650
	10.576.289	9.297.374	3.729.940	2.366.345

Lán dótturfélagsins FISK Seafood fjárfesting ehf. í evrum að eftirstöðvum 4.406 millj. kr. greiðist með einni greiðslu í lok lánstímans 2028.

## Skýringar, frh.:

### 20. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru móðurfélag, systurfélög, dóttur- og hlutdeildarfélag ásamt lykilstjórnendum og félögum þeim tengdum.

Viðskipti við tengda aðila á árinu greinast þannig:

<b>Sala á vöru og þjónustu</b>	<b>2025</b>	<b>2024</b>
Móðurfélag, systurfélög .....	13.920	18.550
Dótturfélög .....	1.282.089	1.146.615

#### **Kostnaður**

Móðurfélag, systurfélög .....	643.519	477.845
Dótturfélög .....	1.189.762	1.075.300

Viðskiptastaða við tengda aðila greinist þannig:

<b>Kröfur</b>	<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>
Dótturfélög .....	1.513.301	1.430.250

#### **Skuldir**

Móðurfélag, systurfélög .....	77.315	68.081
Dótturfélög .....	211.533	209.368

Útistandandi kröfur eru vegna viðskipta sem eru sambærileg við önnur viðskipti sem félagið á við ótengda aðila. Engar af kröfunum eða skuldunum eru verðtryggðar.

### 21. Áhættustýring

Stjórnendur fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í starfsemi samstæðunnar. Markmiðið er að leggja mat á þá áhættu sem felst í rekstrinum og tryggja rekstrarhæfi samstæðunnar ásamt því að hámarka arðsemi hagaðila með því að viðhalda jafnvægi milli skulda og eigin fjár. Eftirfarandi eru helstu áhættur sem hafa verið greindar vegna starfseminnar:

#### **Lausafjánhætta**

Lausafjánhætta er hættan á tjóni sem gæti orðið ef samstæðan getur ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Stjórnendur samstæðunnar fylgjast með lausafjástöðu til að tryggja að samstæðan geti greitt skuldir á gjalddaga. Til viðbótar við núverandi skuldir hefur samstæðan aðgang að lánalínum að fjárhæð 5.085 millj. kr. Gerðar eru áætlanir um lausafjástöðu 6 mánuði fram í tímann.

#### **Kröfuáhætta**

Kröfuáhætta er hættan af fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í viðskiptum getur ekki staðið við umsamar skuldbindingar og stafar hættan aðallega af áhættu tengdri viðskiptakröfum samstæðunnar. Umfang kröfuáhættu ræðst fyrst og fremst af eiginleikum hvers viðskiptavinar. Um 85% af tekjum félagsins eru vegna fimm stærstu viðskiptavina félagsins. Undanfarin ár hefur tap af viðskiptakröfum verið óverulegt.

#### **Markaðsáhætta**

Markaðsáhætta samanstendur af gengisáhættu og vaxtaáhættu. Gengisáhætta er hættan á því að breytingar á gengi erlendra gjaldmiðla hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði eigna og skulda hennar. Söluþekjur samstæðunnar eru að mestu leyti í EUR, GBP og USD en rekstrarkostnaður er að miklu leyti í íslenskum krónum. Lántaka samstæðunnar samanstendur af skammtímalánum í íslenskum krónum að fjárhæð 1.315 millj. kr. og langtímalánum í evrum að fjárhæð 9.297 millj. kr. Vaxtaáhætta er hættan á því að framtíðarsjóðsstreymi fjármálagerninga sveiflist vegna breytinga á markaðsvöxtum. Lán samstæðunnar bera breytilega vexti. Samstæðan hefur ekki varið sig gegn vaxtaáhættu með notkun afleiðusamninga. Önnur markaðsáhætta tengd fjárfestingum í hlutabréfum og skuldabréfum er metin óveruleg þar sem um er að ræða óverulegan hluta af starfsemi samstæðunnar.

# Viðauki I. Stjórnarháttayfirlýsing FISK Seafood ehf.

## Stjórnarháttayfirlýsing 2025

Stjórnarháttayfirlýsing er uppgjör stjórnar fyrir liðið starfsár og er birt á heimasíðu félagsins. Eftirfarandi stjórnarháttayfirlýsing á við um starfsemi ársins 2025 og er birt samhliða ársreikningi fyrir það ár.

Stjórnarhættir FISK Seafood ehf. eru í samræmi við lög og reglur sem gilda um starfsemi félagsins, s.s. ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga og laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög sem aðgengileg eru á vef Alþingis [www.althingi.is](http://www.althingi.is). Stjórnarhættir félagsins eru samkvæmt Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ Ísland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi er þáttur í innleiðingu góðra stjórnarhátta hjá félaginu með það fyrir augum að styrkja innviði þess og auka gagnsæi í starfsemi. Góðir stjórnarhættir leggja grunninn að vandaðri stjórnun og ákvarðanatöku og stuðla að traustum samskiptum á milli eigenda, stjórnar, stjórnenda og annara hagaðila.

Í samþykktum félagsins, sem voru uppfærðar 14. janúar 2019 er nánar kveðið á um fyrirkomulag í starfsemi félagsins.

## Rekstur FISK Seafood

FISK Seafood er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og hefur skipað sér í fremstu röð fyrirtækja á sínu sviði. Hlutverk félagsins er að auka verðmætasköpun í sjávarútvegi í sátt við samfélagið og umhverfið.

Rekstur félagsins er háður ítarlegu regluverki og opinberu eftirliti hvað varðar fiskveiðar, vinnslu og sölu á afurðum. Félagið leggur áherslu á að viðhafa og fylgja eftir skýrum ferlum og eftirlitskerfum svo að tryggt verði að rekstur félagsins uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum á hverjum tíma.

Stjórnendur félagsins viðhafa virkt eftirlit með áhættuþáttum sem félagið býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Aðferðir við áhættustýringu eru yfirfarnar reglulega til að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi samstæðunnar.

Til staðar eru stefnur og markmið vegna öryggis-, siðferðis-, samfélags-, jafnlauna-, sjálfbærni-, umhverfis- og gæðamála. Félagið hefur hlotið Marine Stewardship council (MSC) vottun á sviði rekjanleika afurða. Einnig er félagið með virka Sedex vottun og jafnlaunavottun skv. ÍST85:2012 staðli.

## Innra eftirlit, áhættustýring og árangursmat

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri FISK Seafood leggja áherslu á vöktun og eftirfylgni í áhættustjórnun félagsins. Áhættustjórnun felur í sér reglulegt innra eftirlit þar sem fylgst er með og fjárhagslegar áhættur í rekstri greindar og kynntar fyrir stjórn á stjórnarfundum. Helstu fjármálagættur áhættur sem hafa áhrif á félagið eru gjaldmiðlaáhætta, vaxtaáhætta og lausafjáraáhætta.

Innra eftirlit FISK Seafood byggir á skýru skipulagi og aðgreiningu starfa. Reglubundin uppgjör eru mikilvægur hluti innra eftirlits og er fylgst vel með gæðum upplýsinga og helstu kerfa. Stjórn FISK Seafood ber ábyrgð á innra eftirliti en endurskoðunarnefnd starfar í umboði stjórnar og fylgist m.a. með skilvirni innra eftirlits til samræmis við skyldur sínar.

Á árinu 2025 komu ekki upp nein frávik frá leiðbeiningum um góða starfshætti. Einnig voru engin mál vegna brota á lögum og/eða reglum sem viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðilar hafa ákvarðað.

## Stjórn og starfsreglur stjórnar

Í stjórn FISK Seafood eru fimm stjórnarmenn og fimm til vara. Stjórnarmenn eru kosnir til eins árs í senn og fer kosning fram á aðalfundi félagsins. Stjórn ber ábyrgð á því að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög og reglur sem gilda um félagið og góða viðskipta- og stjórnarhætti. Stjórnin sinnir stefnumótun og töku meiriháttar ákvarðana í rekstri félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar. Stjórn skal einnig hafa eftirlit með bókhaldi og fjárreiðum félagsins. Í stjórn félagsins sitja þrjú karlar og tvær konur og uppfyllir félagið því ákvæði laga um kynjahlutföll í stjórnnum stórra félaga.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir því að til staðar sé fullnægjandi innra eftirlit og áhættustýring hjá félaginu. Markmið stjórnar með innra eftirliti og áhættustýringu er að stuðla að því að félagið nái markmiðum sínum varðandi tilgang og skyldur félagsins, afkomu og áreiðanleika fjárhagsupplýsinga auk þess sem starfsemi sé í samræmi við lög og reglur.

Stjórn og starfsmenn skulu starfa af heiðarleika og heilindum, kynna sér vel þau lög og reglur sem gilda um starfsemi félagsins og hafa skilning á hlutverki sínu og ábyrgð samkvæmt starfsreglum stjórnar.

Fundaáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár liggur fyrir að aðalfundi loknum. Fundarboð vegna stjórnarfunda er sent á stjórnarmenn félagsins með tölvupósti með hæfilegum fyrirvara fyrir hvern fund. Stjórnarformaður stýrir fundum og fundargerðir eru samþykktar af stjórn og framkvæmdastjóra.

Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem meðal annars er að finna ákvæði um skiptingu starfa innan stjórnar, verkswið stjórnar, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra, verklag og reglur um fundarskög, upplýsingagjöf og fleira. Hver stjórnarmaður skal koma í veg fyrir að málefni hans, hvort heldur sem eru persónulegs eða viðskiptalegs eðlis, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunaárekstra milli hans og félagsins samkvæmt ákvæðum starfsreglna stjórnar. Gildandi starfsreglur stjórnar voru samþykktar þann 14. janúar 2019.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins. Formaður stjórnar er málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins, nema að stjórn ákveði annað. Einnig kemur formaður fram út á við fyrir hönd félagsins, ásamt framkvæmdastjóra í samræmi við það sem almennt tíðkast og eftir aðstæðum hverju sinni.

Á starfsárinu 2025 voru haldnir 11 stjórnarfundir. Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sitja stjórnarfundum og ritar fjármálastjóri fundargerðir stjórnarfunda.

# Viðauki I. Stjórnarháttayfirlýsing FISK Seafood ehf.

## Skipan stjórnar og framkvæmdarstjóri FISK Seafood 2025-2026

Þórólfur Gíslason, fæddur 1952 hefur setið í stjórn FISK Seafood frá árinu 1989 og er stjórnarformaður félagsins. Þórólfur er með stúdentspróf frá Samvinnuskólanum á Bifrost og hefur starfað sem kaupfélagsstjóri hjá Kaupfélagi Skagfirðinga síðan 1988. Þórólfur hefur víðtæka stjórnunar- og rekstrarreynslu.

Ingileif Oddsdóttir er fædd 1964 og hefur setið í stjórn FISK Seafood frá árinu 2011. Ingileif er með BA-gráðu í sálfræði og kennsluréttindi í uppeldis- og kennslufræðum, meistaraþáttum í náms- og starfsráðgjöf og með MA gráðu í opinberri stjórnsýslu. Hún hefur starfað sem skólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra frá árinu 2011. Áður hafði hún starfað sem framhaldsskólakennari og náms- og starfsráðgjafi.

Bjarni Maronsson er fæddur 1949. Hann hefur setið í stjórn FISK Seafood frá árinu 2011, fyrst sem varamaður í stjórn en aðalmaður síðan 2012. Bjarni er með B.Sc. próf í búvísindum frá Bændaskólanum á Hvanneyri, auk þess að vera búfræðingur frá Hólum í Hjaltadal. Bjarni er kominn á eftirlaun en áður starfaði hann sem héraðsfulltrúi Landgræðslu ríkisins á Norðurlandi vestra og sem starfsmaður Búnaðarsambands Skagfirðinga auk kennslu og fleiri verkefna tengdum landbúnaði og bústörfum.

Herdís Á Sæmundardóttir er fædd 1954 og hefur setið í stjórn FISK Seafood frá árinu 2013. Herdís er með MA gráðu í opinberri stjórnsýslu. Hún hefur starfað sem sviðsstjóri fjölskyldusviðs hjá sveitarfélaginu Skagafirði frá 2008. Áður starfaði hún sem fræðslustjóri hjá sveitarfélaginu Skagafirði auk þess að hafa gegnt stöðu stjórnarformanns Byggðastofnunar og verið formaður ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Sigurjón R. Rafnsson er fæddur 1965 og hefur verið aðalmaður í stjórn FISK Seafood frá árinu 1996. Sigurjón er stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík, búfræðingur frá Hólum í Hjaltadal og viðskiptafræðingur með cand.oecon. gráðu frá Háskóla Íslands. Sigurjón hefur starfað frá 1993 hjá Kaupfélagi Skagfirðinga svf. og verið aðstoðarkaupfélagsstjóri frá árinu 1995. Sigurjón hefur víðtæka rekstrarreynslu hjá KS og dótturfélagum og einnig sem stjórnarmaður í mörgum fyrirtækjum.

Í varastjórn sitja Pétur Pétursson, Guðrún Sighvatsdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir, Hjörtur S. Geirmundsson og Viggó Jónsson. Bakgrunnur, menntun og aldur stjórnarinnar er fjölbreyttur og hafa stjórnarmenn víðtæka reynslu.

Friðbjörn Ásbjörnsson er framkvæmdastjóri FISK Seafood. Hann er fæddur árið 1984 og uppalinn við sjóinn á Snæfellsnesi. Friðbjörn brautskráðist frá Fjölbrautaskólanum í Ármúla og hefur m.a. lokið námi við Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík fyrir stjórnendur í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Friðbjörn er með skipstjórnar- og vélstjóraréttindi. Hann hóf ásamt bræðrum sínum störf við útgerðarfyrirtæki foreldra sinna, Nesver, strax á unglingsárum. Meðfram námi sínu til stúdentsprófs og að því loknu starfaði hann einnig að uppbyggingu og rekstri fiskmarkaða og vann við kvótamiðlun um árabíl. Friðbjörn hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Soffaníasar Cecilssonar ehf. frá 2017 og framkvæmdastjóra FISK Seafood frá 2018 eftir að hafa starfað sem aðstoðarframkvæmdastjóri hjá félaginu.

Stjórn félagsins hefur hingað til hvorki talið þörf á að skipa tilnefningarnefnd né starfskjaranefnd og hefur sjálf séð um hlutverk þeirra.

Endurskoðunarnefnd FISK Seafood er undirnefnd stjórnar félagsins og er skipuð af henni í samræmi við IX. kafla A. laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Endurskoðunarnefnd leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðenda þess. Nefndin hefur sett sér starfsreglur. Eftirfarandi einstaklingar skipa endurskoðunarnefnd: Theódór Ingi Pálmason löggiltur endurskoðandi (formaður), Ingileif Oddsdóttir og Herdís Á Sæmundardóttir.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, félagsmanna, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

## Stjórnarháttayfirlýsing var samþykkt á stjórnarfundum FISK Seafood þann 30.4.2026

## Viðauki II. Ófjárhagsleg upplýsingagjöf.

FISK-Seafood ehf. er sjávarútvegsfyrirtæki sem gerir út fiskiskip og heldur úti veiðum, vinnslu og sölu á sjávarafurðum. Félagið leggur áherslu á einfaldan og sjálfbæran rekstur, markvissa nýtingu aflaheimilda og einsleita vinnslu sem ætlað er að hámarka virði framleiðslunnar. Áhersla er lögð á að veiðar og vinnsla afurðanna sé í góðri sátt við umhverfi og samfélag. FISK-Seafood sérhæfir sig í framleiðslu á sjófrystum- og léttisöltuðum afurðum auk framleiðslu á hefðbundnum saltfiski. FISK-Seafood er með starfsstöðvar á Sauðárkróki og í Grundarfirði. Stærstur hluti af umsvifum félagsins er á Sauðárkróki þar sem aðalskrifstofa félagsins er staðsett. Þaðan gerir félagið út þrjú skip, frystiskip og tvö ferskfiskskip auk eins dragnótabáts. Á Sauðárkróki er bolfiskvinnsla sem framleiðir léttisaltaðar afurðir auk framleiðslu á þurrkuðum hliðarafurðum. Dótturfélag FISK-Seafood, Soffanías Cecilsson, er staðsett í Grundarfirði og sérhæfir sig í framleiðslu á hefðbundnum flöttum saltfiski. Á Snæfellsnesi gerir FISK-Seafood út eitt ísfiskskip og einn krókabát en dótturfélagið Soffanías Cecilsson gerir út eitt ísfiskskip. Auk þess gerir Steinunn hf. út frá Ólafsvík en FISK-Seafood á 60% eignarhlut í félaginu.

Heildarfjöldi stöðugilda samstæðunnar um áramótin 2025/2026 var 259.

FISK-Seafood hefur á síðustu árum aukið kvótahlutfall sitt til muna en á móti hafa kvótaskerðingar reynst félaginu áskorun. Á síðustu árum hafa verið gerðar stjórnunarlegar breytingar og hefur FISK-Seafood unnið að einföldun félagsins. Félagið á hlut í Icelandic Seafood International sem sér að langstærstum hluta um sölu afurða samstæðunnar. Stærstu markaðslönd félagsins árið 2025 voru Spánn og Bretland. Einnig voru afurðir félagsins seldar til Portúgals, Ítalíu, Grikklands, Nígeríu og fleiri landa.

Þróun starfsemi FISK Seafood ræðst að verulegu leyti af utanaðkomandi þáttum sem félagið hefur takmörkuð áhrif á. Félagið er meðal annars háð neysluhegðun og menningu í Suður-Evrópu hvað varðar eftirspurn eftir framleiðsluafurðum, auk þess sem reksturinn mótast af kvótasetningu og lagaramma sjávarútvegs á Íslandi hverju sinni. Þá hafa breyttar efnahagsaðstæður á heimsvísu, meðal annars vegna stríðsátaka, haft áhrif á markaði og leitt til hækkunar á kostnaði, svo sem á orku, flutningi og aðföngum.

Tæknibreytingar í véla- og hugbúnaði hafa jafnframt haft áhrif á starfsemi, þar sem fyrirtækið er að feta sig áfram í breyttri tækni á sviði sjálfvirkni og gervigreindar. Þó er enn óvíst hversu mikil áhrif þessi tækniþróun mun hafa á framtíð sjávarútvegs og hvernig hún mun móta rekstrarumhverfi greinarinnar til lengri tíma.

### Umhverfismál

FISK-Seafood hefur það að markmiði að stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna og að umgangast auðlindina af virðingu.

Stefna FISK-Seafood er að þróa reksturinn áfram með sjálfbærum veiðum og vinnslu með því að leita leiða til að draga úr mengun frá starfsemi. Árið 2021 hófst vinna við birtingar ófjárhagslegra upplýsinga á formi sjálfbærnisráðgjafar og birtist fyrsta skýrslan samhliða ársreikningi fyrir bókhaldsárið 2021. Var það gert sem grunnskref í áttina að markmiðum stjórnvalda í umhverfis-, samfélags- og stjórnarháttum. Félagið hefur á síðustu árum tekið saman helstu tölur tengdar umfangi 1, 2, og 3 og áætlað áhrif starfseminnar og hægt er að sjá þróun losunar síðustu ára í skýrslunni fyrir bókhaldsárið 2025.

Eldsneytisnotkun í sjávarútvegi hefur dregist saman á undanförunum árum miðað við veiddan afla, samkvæmt upplýsingum frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi. Þessi þróun má meðal annars rekja til sameiningar fyrirtækja, fækkunar skipa, aukinnar stærðar þeirra og framfara í tækni.

Þrátt fyrir það stafar stærstur hluti umhverfisáhrifa FISK Seafood enn af eldsneytisnotkun. Á síðustu árum hefur félagið þó gripið til ýmissa aðgerða til að draga úr umhverfisáhrifum. Meðal annars hefur notkun frauðkassa verið hætt og í staðinn eru afurðir fluttar í auknum mæli í magnkössum, sem dregur úr umbúðanotkun, vinnu og flutningskostnaði. Þá eru allar afurðir félagsins sem fara á erlenda markaði nú fluttar með sjóflutningum.

### Samfélagsmál

Félagið vinnur samkvæmt samfélagsstefnu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) og einsetur sér að fylgja henni auk þess að gera betur þar sem tækifæri gefast til.

FISK-Seafood er dótturfélag Kaupfélags Skagfirðinga sem er samvinnufélag og hafa því samfélagsmál ávallt verið stjórnendum félagsins ofarlega í huga. Auk margskonar fjárhagslegra styrkveitinga til íþróttafélaga og annarra félagasamtaka hefur FISK-Seafood m.a. tekið frumkvæði í nýsköpun, þróunarverkefnum og umhverfismálum og tekið þátt í fræðslustarfi skólanna á heimaslóðum með ýmsum hætti auk margþætts fræðslustarfs til þess að auka öryggi starfsfólks félagsins. FISK-Seafood heldur árlegan umhverfisdag þar sem við hvetjum samfélagið okkar til að fara út og taka til í sínu nærumhverfi. Hefur félagið séð um að fá ruslagáma og staðsetja þá viðsvegar um fjörðinn fyrir fólk sem tekur þátt. Allir þeir sem taka þátt geta ánafnað upphæð í styrk til þeirrar íþróttadeildar/aðildafélags innan UMSS sem þeir óska eftir. Þátttakan á þessum degi hefur farið fram úr björtustu vonum skipuleggjenda og höfum við á síðustu 5 árum höfum við tekið upp 70 tonn af rusli sem hefur legið á víðavangi í Skagafirði.

Á meðal markmiða okkar er að gera betur í myndun svokallaðra samfélagsverkefnakeðju. Í því felst að vera fyrirmynd annarra með því að ráðast í þörf verkefni í nærsamfélaginu og hvetja að auki aðra til þess að taka þátt eða fylgja í kjölfari. Við styðjum við uppbyggingu þjónustu og verslunar í nærumhverfinu og höfum tekið saman árlega hversu hátt hlutfall er verslað í nærumhverfi, hvað er mikið verslað á Íslandi og svo hversu hátt hlutfall er tekið beint erlendis frá. Hægt er að sjá nánari upplýsingar í árs- og sjálfbærnisráðgjafar félagsins á heimasíðunni.

## Viðauki II. Ófjárhagsleg upplýsingagjöf.

### Ábyrgar fiskveiðar, rekjanleiki afurða og gæði

Það er hagsmunamál allrar þjóðarinnar, og raunar heimsbyggðarinnar, að nýting fiskistofna sé sjálfbær. FISK Seafood kappkostar að ganga vel um auðlindir hafsins með gagnsæjum og rekjanlegum veiðum jafnframt því að fara í hvívetna að lögum, reglum og samþykktum um veiðar. Til að staðfesta hollustu félagsins við sjálfbæra nýtingu auðlinda og ábyrgar fiskveiðar hefur félagið hlotið IRF vottun (Iceland Responsible Fisheries) auk þess sem lögbundið eftirlit Fiskistofu fer fram.

Árið 2011 stofnuðu Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Landssamband smábátæigenda félagið Ábyrgar fiskveiðar ses. Tilgangurinn var að annast rekstur vörumerkja um ábyrgar fiskveiðar, gerð og viðhald samninga um vottun ábyrga fiskveiða, miðlun upplýsinga um fiskveiðar Íslendinga, með sérstakri áherslu á kaupendur og neytendur íslenskra sjávarafurða, og önnur skyld verkefni. Markmið félagsins er að stuðla að og viðhalda ábyrgum fiskveiðum til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir. FISK-Seafood er aðili að þessu félagi í gegnum Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi.

FISK-Seafood er hluthafi í ISF (Iceland Sustainable Fisheries). Félagið var stofnað 2012 af nokkrum fyrirtækjum sem stunda veiðar, framleiðslu og sölu á íslenskum sjávarafurðum víða um heim. FISK Seafood starfar samkvæmt alþjóðlegum stöðlum sem hafa það að markmiði að tryggja rekjanleika afurða frá veiðum til kaupanda auk þess að vinna eftir kerfum sem fela í sér áhættugreiningu sem hámarkar gæði og öryggi afurða. Einnig er FISK-Seafood með MSC rekjanleikavottun (Marine Stewardship Council) í skipum og vinnslum. Sú vottun tryggir rekjanleika frá veiðisvæði til kaupanda.

### Starfsmannamál

FISK-Seafood er stolt af starfsfólki sínu. Markmið félagsins er að stuðla að vellíðan og heilbrigði starfsfólksins með því að tryggja því heilsusamlegt og öruggt vinnuumhverfi með góðum aðbúnaði. Félagið leggur áherslu á fjölskylduvænt umhverfi þar sem jafnvægi er á milli vinnu og einkalífs. FISK-Seafood býður öllu starfsfólki kort í sundlaugar Skagafjarðar og Grundarfjarðar því að kostnaðarlausu. Á árinu 2023 tókum við upp heilsustyrki þar sem fólk getur fengið endurgreiddan kostnað vegna íþróttaiðkunar eða annarra heilsuæðferða á sál og líkama. Félagið mun áfram bjóða starfsfólki sínu upp á árlega inflúensubólusetningu og almenna heilsufarsskoðun. Þá bjóðum við starfsfólki upp á fjölbreytt og heilsusamlegt fæði, morgunverð og heimilismat í hádeginu auk aðgengis að næringarríkum millimálabitum allan vinnudaginn þeim að kostnaðarlausu.

Heildarfjöldi stöðugilda í lok árs 2025 var 259, en fjöldi þeirra sem þáðu laun árið 2025 voru 381, þar sem á sjónum er mikill fjöldi hlutastarfsmanna. Kynjahlutfall var 82,4% karlar, 17,6% konur og 0% önnur kyn. Skýrist þessi munur á því að sjómenn fyrirtækisins eru nær eingöngu karlmenn. Kynjahlutfall starfa í landi eru 45% konur og 55% karlar.

FISK-Seafood leggur mikla áherslu á öryggismál og bera stjórnendur deilda ábyrgð á þeim. Á öllum starfsstöðvum eru starfandi öryggistrúnaðarmenn sem eru kosnir af starfsfólkinu og öryggisfulltrúar sem eru skipaðir af yfirmönnum deilda. Að auki starfa öryggisnefndir innan hversrar deildar og vinna markvisst að fækkun slysa með eftirliti, ítarlegri skráningu á óhöppum og lærdómi sem af þeim má draga. Unnið er út frá því að hver og einn starfsmaður beri ábyrgð á eigin öryggi og eru þeir hvattir til að tilkynna hvers kyns misbresti á öryggisþáttum. Allir starfsmenn hafa aðgang að slysaskráningarkerfi okkar, ATVIK, og geta þeir skráð tilkynningar eða ábendingar hvort heldur sem er undir nafni eða nafnleynd. Á þessum vettvangi getur starfsfólk tilkynnt um óhöpp, minniháttar slys, fjarveruslys, ógn, áreitni, ofbeldi eða einelti auk ábendinga um allt það sem betur mætti fara á vinnustaðnum.

FISK-Seafood hefur innleitt leiðbeiningar Eldvarnabandalagsins á öllum starfsstöðvum félagsins í landi. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu starfsfólks á eldvörnum og gera það meðvitaðra um viðbrögð sem t.d. skapast í kringum vinnu með neista.

### Mannréttindamál

FISK-Seafood virðir almenn mannréttindi, gildandi kjarasamninga og önnur lögbundin réttindi fólks og mismunar ekki starfsfólki út frá kyni, kynhneigð, uppruna eða trú. Félagið hefur einsett sér að útskýrður launamunur fari ekki yfir 3% og til að tryggja það hefur FISK-Seafood innleitt launastefnu. Þessu til stuðnings hefur félagið hlotið jafnlaunavottun samkvæmt ÍST85:2012 staðli. FISK-Seafood vill nýta öll tækifæri sem gefast til að opna metnaðarfullu starfsfólki leiðir til að þróast í starfi. Félagið leitar stöðugt leiða til þess að samþætta óskir hvers starfsmanns við þarfir fyrirtækisins og leggja þannig grunn að árangursríku samstarfi sem byggir á því að þroska og nýta hvert tækifæri til sóknar sem gefst.

### Síðareglur, mútur og spilling

FISK-Seafood hefur sett sér síðareglur þar sem félagið leggur áherslu á tvo meginþætti. Félagið býður hvorki né greiðir mútur, sama hvar viðskipti eru stunduð, hverjar sem aðstæðurnar eru og hver sem í hlut á. Að auki heimilar félagið hvorki fulltrúum sínum né birgjum að gera slíkt. Starfsmenn félagsins fara hvorki fram á né samþykkja neinn fjárhagslegan greiða eða annars konar gjafir tengdar eða ótengdar störfum sínum.

Stjórn FISK-Seafood leggur áherslu á að viðhafðir séu góðir stjórnarhættir og að þeir uppfylli þau viðmið sem gilda um góða viðskiptahætti. Félagið virðir almenn mannréttindi og rétt allra til félagafrelsis. Við krefjumst þess að verktakar og undirverktakar fari eftir gildandi lögum og reglum óháð því hvort þeir séu sjálfstætt starfandi eða undirverktakar. Vinnumansal er aldrei liðið.

## Viðauki II. Ófjárhagsleg upplýsingagjöf.

### Flokkunarreglugerð ESB

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy) tók gildi á Íslandi þann 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lögin ná til fjárhagsársins frá og með árinu 2023.

Markmið reglugerðarinnar er að koma á samræmdu flokkunarkerfi sem skilgreinir hvaða atvinnustarfsemi telst umhverfislega sjálfbær. Reglugerðinni er jafnframt ætlað að stuðla að gagnsæi í upplýsingagjöf um sjálfbærni og beina fjármagni að starfsemi sem styður við græna umbreytingu hagkerfisins.

Til þess að starfsemi teljist umhverfislega sjálfbær samkvæmt reglugerð (ESB) 2020/852 þarf hún að uppfylla fjögur megin skilyrði:

1. Starfsemin þarf að stuðla verulega að einu eða fleirum af umhverfismarkmiðum sem sett eru fram í 9. gr. reglugerðarinnar.
2. Hún má ekki valda umtalsverðu tjóni á öðrum umhverfismarkmiðum.
3. Hún þarf að uppfylla lágmarksverndarráðstafanir samkvæmt 18. gr.
4. Hún þarf að uppfylla tæknileg matsviðmið samkvæmt 3. gr.

Tæknileg matsviðmið vegna verulegs framlags til að draga úr loftslagsbreytingum og aðlaga starfsemi að loftslagsáhrifum hafa verið innleidd í íslenskan rétt með framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139. Tæknileg matsviðmið vegna hinna fjögurra umhverfismarkmiðanna hafa verið skilgreind í framseldri reglugerð (ESB) 2023/2486, sem öðlaðist gildi hér á landi þann 1. janúar 2025. FISK-Seafood samstæðan hefur farið yfir þessi matsviðmið og borið þau saman við starfsemi sína og dótturfélaga. Meginstarfsemi FISK-Seafood hefur ekki verið sérstaklega skilgreind í framseldum reglugerðum flokkunarreglugerðarinnar að svo stöddu.

Við mat á starfsemi samstæðunnar kom í ljós að flokkunarkerfið nær yfir eftirfarandi atvinnustarfsemi, en uppfyllir ekki öll tæknileg matsviðmið sem krafist er til að teljast umhverfislega sjálfbær samkvæmt reglugerð (ESB) 2020/852 og viðaukum hennar. Þessi starfsemi er því skráð í flokk A.2 – Starfsemi sem fellur undir taxonomy-reglugerðina en telst ekki umhverfislega sjálfbær:

7.2. Endurbygging bygginga sem fyrir eru, 7.7. kaup og eignarhald á byggingum.

Á árinu voru endurbætur kláraðar á sameiginlegu húsnæði FISK og KS að Eyrarvegi 18-20. Þar var Marteinsklefinn rifinn til grunna og nýr frystiklefi byggður.

8.2 Gagnadrifnar lausnir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

FISK-Seafood fjárfesti á árinu í hugbúnaðarfyrirtækinu Stika Solutions ehf., sem þróar samþætta stafræna lausn til að styðja fyrirtæki við að fylgjast með sjálfbærni í rekstri. Lausnin miðar m.a. að því að veita yfirsýn yfir losun gróðurhúsalofttegunda og að aðstoða fyrirtæki við að uppfylla lagalegar kröfur um sjálfbærnitengda upplýsingagjöf. Ekki liggja fyrir næg gögn eða staðfest mælanleg áhrif á losun sem sýna fram á að tæknileg matsviðmið séu uppfyllt. Starfsemin telst því ekki umhverfislega sjálfbær og er skráð í A.2.

Lykilárangursmælikvarðar samkvæmt flokkunarreglugerð ESB

Lykilárangursmælikvarðar samkvæmt flokkunarkerfi Evrópusambandsins (EU Taxonomy) eru birtir í þremur aðskildum töflum á bls. 29–31, þar sem fram kemur hlutfall veltu, fjárfestingaútgjalda og rekstrargjalda sem tengjast atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir, eins og það er skilgreint í reglugerð (ESB) 2021/2178.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 eins og fram kemur í skýringu 2 í ársreikningi. Útreikningar á lykilárangursmælikvörðum eru settir fram á samstæðugrundvelli þar sem innbyrðis viðskipti milli félaga í samstæðunni hefur eru undanskilin til að forðast tvítalningu.

Eins og áður hefur komið fram hefur meginstarfsemi FISK-Seafood ekki verið sérstaklega skilgreind í flokkunarkerfinu að svo stöddu. Því nær flokkunarkerfið eingöngu til hluta af starfsemi samstæðunnar.

Velta:

Heildarvelta samstæðunnar samanstendur af sölu á vörum til aðila utan samstæðunnar. Fyrir árið 2025 var engin starfsemi flokkuð sem umhverfislega sjálfbær.

Fjárfestingaútgjöld (e. CapEx):

Fjárfestingaútgjöld ná til viðbóta við efnislegar og óefnislegar eignir á rekstrarárinu, fyrir afskriftir, niðurgreiðslur og endurmat, en að undanskildum breytingum á gangvirði.

Rekstrargjöld (e. OpEx):

Flokkunarreglugerðin skilgreinir rekstrargjöld með þrengri hætti en almennt gildir í reikningshaldi. Rekstrargjöld sem teljast til eru m.a. kostnaður vegna rannsókna og þróunar, skammtímaleigu og beinna útgjalda vegna rekstrarfjármuna sem tryggja áframhaldandi skilvirkni í starfsemi (t.d. viðhald, viðgerðir og endurnýjun bygginga).



## Viðauki II. Ófjárhagsleg upplýsingagjöf.

Fjárhagsár 2025	Ár		Viðmið fyrir verulegt framlag							Viðmið fyrir að valda ekki verulegu tjóni							Hlutfall rekstrarútgjald a sem fellur að flokkunarkerfinu (A.1) eða sem flokkunarkerfið nær yfir (A.2), ár 2023 (18)	Flokkur starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfis markmiðum (19)	Flokkur umbreytingar starfsemi (20)
	Kóði (2)	Rekstrargjöld (3)	Hlutfall rekstrargjalds, ár 2024 (4)	Mótvægi við loftslegsþreyingar (5)	Aðlögun að loftslegsþreyingum (6)	Varn (7)	Mengun (8)	Hringrásarhagkerfi (9)	Liffræðileg fjölbreytni (10)	Mótvægi við loftslegsþreyingar (11)	Mótvægi við loftslegsþreyingar (12)	Varn (13)	Mengun (14)	Hringrásarhagkerfi (15)	Liffræðileg fjölbreytni (16)	Lágmargis varendráðstafanir (17)			
Texti		ISK	%	J/N; N/EL; N/EL; N/EL; N/EL; N/EL; N/EL; N/EL; N/EL; N/EL	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	E	T
<b>A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR</b>																			
<b>A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)</b>																			
Rekstrargjöld starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%								0%		
Þar af starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum		0	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%								0%	E	
Þar af umbreyting		0	0%	0%													0%		T
<b>A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)</b>																			
				EL; N/EL; EL; N/EL; EL; N/EL; EL; N/EL; EL; N/EL															
Flutningar með mótorkjólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum		6.5	30.424.770	0%	EL	EL											0%		
Kaup og eignarhald á byggingum		7.7	15.823.325	0%	EL	EL											0%		
Rekstrargjöld starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem ekki fellur að flokkunarkerfinu) (A.2)		46.248.095	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%								0%		
Rekstrargjöld af starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (A.1+A.2)		46.248.095	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%										
<b>B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR</b>																			
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir		12.100.348.905	100%																
SAMTALS (A+B)		12.146.597.000	100%																

